

## **SAMÞYKKT UM BYGGÐARMERKI AKUREYRAR - UM BYGGÐARMERKI AKUREYRAR**

### 1. gr.

Byggðarmerki Akureyrar skal vera blár skjöldur (Pantone process blue) með hvítum fugli. Á bringu fuglsins er skjöldur markaður með kornknippi. Blái liturinn er litur himinsins og fjarlæggra fjalla, kornknippið tákn nafnsins Akureyri en fuglinn er tengdur frásögn Heimskringlu um landvættir. Haraldur Gormsson konungur bauð fjölkunnugum manni að fara hamförum til Íslands. Sá fór í hvalslíki. Er hann fór inn eftir Eyjafirði kom á móti honum fugl svo mikill að vængirnir tóku út fjöllin tveggja vegna og fjöldi annarra fugla, bæði stórir og smáir.

### 2. gr.

Á hátíðarútgáfu merkisins eru tunga, klær og skjöldur á bringu fuglsins í rauðum lit (Pantone warm red) en goggur, fætur og kornknippi í gulum lit (Pantone 123). Hátíðarútgáfu byggðarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt og sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

### 3. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar, bæjarstjóri og stofnanir bæjarins nota skjaldarmerkið með embættis- og skrifstofuheitum eða nafni stofnunar á bréfum og í prentuðu máli þar sem það á við, svo og í stimplum. Við gerð stimpla má fella niður útlínur skjaldarins.

### 4. gr.

Notkun á byggðarmerki Akureyrar er óheimil án leyfis bæjarstjórnar Akureyrar, sbr. 29. gr. laga nr. 8/1993. Ekki er heimilt að breyta út af samþykkttri gerð merkisins, sbr. meðfylgandi teikningu, nema í sérstakri hátíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu. Óheimilt er að hafa merkið í firmamerkjum og vörumerkjum og nota það til stjórn málaáróðurs.

### 5. gr.

Svart-hvíta útgáfu byggðarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart-hvítri útgáfu er blár flötur táknður með láréttum línum en rauður litur með lóðréttum línum. (Línurnar falla þó burt í minnstri gerð, sbr. sýnishorn.) Við útgáfu minjagripa og myntsláttu er heimilt að falla frá litatáknum merkisins og útlínum skjaldarins.

### 6. gr.

Umsókn um leyfi til þess að nota byggðarmerki bæjarins skulu fylgja a.m.k. tvö sýnishorn og uppdráttir af merkinu eins og það á að nota. Bæjarskrifstofan á Akureyri leiðbeinir um gerð merkisins og varðveitir sýnishorn af því.

Félagsmálaráðuneytið, 16. apríl 1993

**Jóhanna Sigurðardóttir**